



Myndir af fjórmeningunum sem handteknir voru og sakaðir um byltingarundirbúning hanga um allt í Shanghai ásamt veggspjöldum, þar sem þeir eru fordæmdir.

stuðningsmönnum sínum í járnbrautarkerfinu og borgarsveitunum í Shanghai. Þeir bættu öllum tiltækum ráðum og gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að hrfisa völdin.

Tilraunin fór að vísu út um þúfur. Ástæðan var fyrst og fremst sú að hún var að miklu leyti kæfð í fæðingunni þegar „þrjótarnir fjórir“ — aðalleiðtogar hinna róttæku með ekkju Maos í broddi fylkingar — voru handteknir. Vel má vera að hinum róttæku hefði tekizt að ná á sitt vald vissum fylkjum, sem þeir einbeittu sér að, en tilraunin hlaut að fara út um þúfur þegar höfðupaurarnir voru handteknir.

Samkvæmt fréttum frá Kína áttu hinir róttæku frumkvæðið að þeim sviptingum, sem fóru fram. Kannski er það aðeins ein hliðin á málinu. Ekki er vitað hvort hinir róttæku hafa ekki átt annars úrkosti en að berjast. Ef til vill verður aldrei vitað hvort þeir hafa gert valdaránstílaun sína til þess að koma í veg fyrir valdaránstílaun andstæðinga sinna. Því mætti raunar vel halda fram að fram hafi farið tvær valdaráns-

tilraunir í fyrra sumar og að tilraun róttækra hafi farið út um þúfur en bylting Hua, hófsamra stuðningsmanna hans og hersins heppnast.

Nú verður Hua að hreinsa til í rústunum og þótt hann hafi öðru hverju hvatt til stillingar virðist sýnt að viðtæk hreinsun verði aðferðin sem hann beitir. Spurningin er aðeins sú hve völd hans eru mikil, þótt það útiloki vissulega ekki hreinsanir.

HERNAÐAR-EINRÆÐI?

Margt bendir til þess að Kína stefni í átt til einhvers konar hernaðareinræðis og Kínasérfræðingur The Times, David Bonavia, segir að raunar búi Kínverjar nú þegar við hernaðareinræði að verulegu leyti. Hann segir að spyrja megi hve langt yfirráð hersins muni ná inn á svið hinnar borgaralegu stjórnar, eins langt og í menningarbyltingunni 1967 þegar áhrif hersins voru geysimikil, og hve lengi yfirmenn hersins vilji fara með borgaralega stjórn mála meðan

þjóðin reyni að færa ástandið í eðlilegt horf.

Þar sem yfirmenn herstjórnarumdæma taka í sínar hendur mikilvæg ábyrgðarstörf er nærtækt að ætla að deilur rísi með þeim innbyrðis og milli þeirra annars vegar og yfirstjórnar flokksins í Peking hins vegar, en síðan hófsamir tóku völdin í október hafa áhrif hersins verið yfirgnæfandi í stjórnáráðinu.

Hlutverk hersins er sérstaklega mikilvægt vegna þeirrar ókyrrðar, sem átt hefur sér stað í Kína vegna brottvikningar Tengs og deilnanna um hann og vegna dauða Maos. Nú er svo komið að herinn virðist hafa bundið enda á óeirðirnar, sem hafa meðal annars náð til fylkjanna Yunnan og Szechwan auk þeirra sem þegar hafa verið nefndir.

Völd og áhrif hersins hafa þannig aukizt stöðugt og því má spyrja hvort völd og áhrif Hua Kuo-fengs hafi ekki veizt. Hann er fyrst og fremst borgaralegur leiðtogi og í raun og veru virðist hann aðeins vera leiðtogi Kína að nafninu til.

Norræn veflist á Kjarvalsstöðum

FYRIR tveimur árum kom saman vinnuhópur veflistarmanna í Danmörku til að leggja drög að stórrí sýningu sem gæfi góða hugmynd um það sem væri að gerast í veflist á Norðurlöndum. Annaðist Félag Aextflhönnuða undirbúning á því stigi fyrir Íslands hönd og skyldi sýning sem þessi fara fram á þriggja ára fresti og ferðast um öll Norðurlönd.

Með styrk frá Norræna menningarmálasjóðnum, menntamálaráðuneytinu og menntamálaráði var lagður grundvöllur að sýningu sem verður á Kjarvalsstöðum frá 29. janúar til 20 febrúar. Dómnefnd skipuð kunnáttumönnum frá öllum Norðurlöndunum valdi 116 verk af 665 sem tillögur bárust um og sendu 16

íslenskir listamenn verk og voru valin verk eftir 6 til sýningarinnar. Sýning hófst í listasafninu í Álaborg og kemur hún hingað frá Ábo, en fer síðan til Listaskálans í Þórshöfn.

Alls eru 95 listamenn sem eiga verk á sýningunni og ná verk þeirra yfir myndvefnað, teppi, ásaum, tauprykk, macramé, batik, göbelín og fleira. Listráð Kjarvalsstaða hýsir sýninguna og greiðir fyrir henni á ýmsan hátt, en undirbúning og uppsetningu önnuðust Asgerður Búadóttir, Þorbjörg Þórðardóttir, Sigrún Sverrisdóttir og Ragna Róbertsdóttir. Flugleiðir munu bjóða fólki utan af landi sérstaka helgarafslætti meðan á sýningunni stendur.




Erlingur Gíslason og Kristbjörg Kjeld í hlutverkum sínum í Nótt ástmeyjanna.

Nótt ástmeyjanna

Vegna mikillar aðsóknar að sænska leikritinu Nótt ástmeyjanna, eftir Per Olov Enquist, sem sýnt hefur verið á Litla sviði Þjóðleikhússins um alllangt skeið, hefur sýningin nú verið færð upp á stóra sviðið og verður sýnd þar framvegis. Leikritið fjallar sem kunnugt er um leikritaskáldið Agúst Strindberg, hjónabandserfiðleika hans og Siri von Essen og ýmis mál, sem nú eru efst á baugi varðandi jafnrétti kynjanna og mannlega sambúð.

Jafnframt því, að sýningin verður flutt á stóra sviðið, verða þær breytingar á hlutverkaskipan, að Kristbjörg Kjeld tekur nú við hlutverki Marie David, sem Edda Þórarinsdóttir lék áður.

Fyrsta sýning á Nótt ástmeyjanna á stóra sviðinu verður á fimmtudagskvöldið kl. 20.00 og næsta sýning á sunnudagskvöld.




Gulleitin

Nú hefur verið dregið úr réttum lausnum í Gullgetrauninni

Sigurveggarar eru Edda Garðarsdóttir Hamrahlíð 33, R og Biðskýlið við Bústaðarveg Reykjavík. Aukavinningar verða sendir heim til vinningshafa.

ISLENZK-
Amerioka ^H/_F

Tunguhálsi 7, sími 8270



Ófrægingaherferðin gegn ekkju Maos og samherjum hennar í Peking.